

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 frá 13. marz 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta á mörgum fundum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Aðalatriði frumvarpsins er um það að breyta skipan stjórnar Fiskveiðasjóðs frá því, sem nú er, en sú skipan hefur gilt síðan lög nr. 75 frá 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands, voru sett.

Sú skipan er talin hafa gefizt vel, eins og fram kemur í meðfylgjandi umsögnum Seðlabanka Íslands og stjórnar Fiskveiðasjóðs um málið.

Engu að síður eru uppi raddir um breytingar, svo sem fram kemur í meðfylgjandi umsögn L. Í. Ú., þótt ekki sé þar fallizt á þær tillögur um skipan stjórnarinnar, er í frumvarpinu felast.

Loks má geta þess, að innan nefndarinnar hefur komið fram það sjónarmið, að ef samtök útvegsmanna fengju aðild að stjórn sjóðsins, þá væri einnig eðlilegt, að samtök sjómanna fengju aðild að stjórninni.

Af því, sem nú hefur verið nefnt, má ráða, að skoðanir eru mjög skiptar um þetta mál.

Teljum við undirritaðir því æskilegt, að það verði nánar athugað á vegum ríkisstjórnarinnar, og leggjum til, að frumvarpinu verði vísað til hennar.

Alþingi, 26. febr. 1971.

Birgir Finnsson,
form., frsm.

Eyjólfur Konr. Jónsson,
fundaskr.

Guðlaugur Gíslason.

Fylgiskjal I.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 15. febrúar 1971.

Vér höfum haft til athugunar bréf sjávarútvegsnefndar, dags. 27. nóvember s. l., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands, á þskj. 29.

Í lögum þeim um Fiskveiðasjóð Íslands, sem sett voru á árinu 1966 og nú gilda, var sú meginbreyting gerð, að tvær stærstu lánastofnanir sjávarútvegsins, Fiskveiðasjóður Íslands og Stofnlánadeild sjávarútvegsins, voru sameinaðar í einn sjóð og settar undir eina stjórn. Fram að þeim tíma hafði Fiskveiðasjóður verið undir stjórn bankastjórnar Útvegsbankans, en Stofnlánadeildin undir stjórn bankastjórnar Landsbankans. Takmarki því, sem að var stefnt með sameiningu þessara tveggja stóru sjóða, var lýst svo í greinargerð fyrir frumvarpi til laga um Fiskveiðasjóð Íslands, sem flutt var á Alþingi 1965/66:

„Sameining þessara tveggja stærstu lánasjóða sjávarútvegsins í einn öflugan sjóð hefur í för með sér, að auðveldara er að koma við hagkvæmri skiptingu ráðstöfunarfjárins milli hinna ýmsu greina sjávarútvegsins, en þarfir þeirra eru mjög mismunandi frá ári til árs. Eftirlit með notkun lánsfjárins ætti einnig að geta orðið virkara og meira samræmi en nú í útlánum. Loks hefur sameiningin í för með sér sparnað í rekstri og ýmislegt hagræði, sem ekki verður rakið hér frekar.

Oft hefur verið um það rætt að sameina þessa sjóði. Segja má, að spor í þá átt hafi verið stigið með samstarfi því, sem tekið var upp milli Seðlabankans, Landsbankans og Útvegsbankans að lánamálum sjávarútvegsins á árinu 1961, er lausaskuldum sjávarútvegsins var breytt í löng lán á vegum Stofnlánadeildarinnar. Reynslan af þessu samstarfi hefur ótvírætt sýnt, að lánamálum sjávarútvegsins er bezt komið undir sameiginlegri stjórn þeirra banka, sem til þessa hafa séð um mestöll lánamál sjávarútvegsins, bæði rekstrarlán og stofnlán, jafnframt því sem dagleg störf verða í höndum Útvegsbankans, er farið hefur með stjórn Fiskveiðasjóðs til þessa.“

Í umræðum um skipulag lánastofnana hefur það sjónarmið oft komið fram, að ekki væri gætt nægilegrar samræmingar í starfsemi þessara stofnana og leiddi til mistaka í lánveitingum til atvinnuveganna. Með breytingu þeirri á lögum Fiskveiðasjóðs, sem kom til framkvæmda árið 1967, var ekki aðeins um það að ræða, að tveir hinna stóru fjárfestingarlánasjóða sjávarútvegsins voru sameinaðir í einn sjóð, svo að fjármagn, sem þeir réðu yfir, mætti nýtast betur til hagsbóta fyrir

sjávarútveginn, heldur var ætlunin að tryggja sem nánasta samvinnu milli Fiskveiðasjóðs og þeirra þriggja banka, Seðlabankans, Landsbankans og Útvegsbankans, sem fram að þeim tíma höfðu séð um mestöll lánamál sjávarútvegsins, bæði rekstrarlán og stofnlán. Í samræmi við það var stjórn Fiskveiðasjóðs skipuð fulltrúum hinna þriggja banka, fyrst og fremst í því skyni að tryggja sem bezta samræmingu í lánveitingum þeirra lánastofnana, sem sjá sjávarútveginum fyrir stofnlánnum og rekstrarlánnum. Því til viðbótar er að því mikið hagræði fyrir Fiskveiðasjóð að geta notfært sér athuganir, sem viðskiptabankarnir láta framkvæma á stöðu og rekstri fyrirtækja, áður en til ákvarðana kemur um lánveitingar, en slíkt er nú fastur þáttur í sambandi við undirbúning lánveitinga og er talið ómissandi.

Er óhætt að fullyrða nú eftir þá fjöggra ára reynslu, sem fengizt hefur af hinu nýja skipulagi, að margvíslegt hagræði hefur af því hlotizt, ekki sízt fyrir viðskiptamenn sjóðsins.

Vér teljum því öll rök mæla gegn því, að farið verði nú að gera þá breytingu á lögum Fiskveiðasjóðs, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir.

Rétt er að benda á misskilning, sem fram kemur í greinargerð frumvarpsins um stöðu Fiskveiðasjóðs, þar sem gefið er í skyn, að breyting hafi orðið á henni með lagabreytingunni 1966. Sú eina breyting að þessu leyti, sem gerð var, fólst í skipun stjórnarinnar, sem áður getur, en bæði í lögnum, sem í gildi voru fyrir breytinguna 1966, sem og í núgildandi lögum er staða sjóðsins skilgreind á þann hátt, að hann sé „sjálfstæð stofnun“.

Virðingarfyllst,

Jóhannes Nordal. Davíð Ólafsson.

Fylgiskjal II.

FISKVEIÐASJÓÐUR ÍSLANDS

Reykjavík, 17. febr. 1971.

Sem svar við bréfi hæstvirtrar nefndar frá 27. nóv. s. l., þar sem leitað er um-sagnar stjórnar Fiskveiðasjóðs Íslands um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 frá 13. maí 1966, um Fiskveiðasjóð Íslands, á þskj. 29, skal yður hér með tjáð, að á fundi stjórnarinnar í gær var gerð svo hljóðandi bókun:

„Stjórnin telur, að brýn nauðsyn sé á því, að sem mest samræmi sé í veitingu stofnlána annars vegar og rekstrarlána hins vegar og að slíkt samræmi sé bezt tryggt með því, að stjórnendur þeirra banka, sem fyrst og fremst veita rekstrarlán til atvinnuveganna, fjalli einnig um veitingu stofnlána. Mikilvægt spor í þessa átt var sú breyting á skipan stjórnar Fiskveiðasjóðs, sem gerð var með lögum árið 1966, þegar sameinuð voru undir eina stjórn Fiskveiðasjóður Íslands og Stofnlánadeild sjávarútvegsins með stjórnaraðild þeirra banka, sem að mestu leyti annast lánveitingar til sjávarútvegsins, bæði fiskveiða og fiskiðnaðar. Er það skoðun stjórnarinnar, að með þessum hætti nýtist betur það fjármagn, sem runnið getur til slíkra lánveitinga. Reynsla sú, sem fengizt hefur af þessu fyrirkomulagi, bendir ekki til þess, að hagkvæmt væri nú að rjúfa það samstarf þessara banka, sem núgildandi lög kveða á um, og leggur stjórnin því á móti þeirri breytingu á lögum Fiskveiðasjóðs, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.“
Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,

f. h. Fiskveiðasjóðs Íslands,

Sverrir Júlíusson. Svavar Ármannsson.

Sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis,
Alþingishúsinu, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

LANDSSAMBAND ÍSLENZKRA ÚTVEGSMANNA

Reykjavík, 4. desember 1970.

Vér höfum móttengið heiðrað bréf yðar, dags. 27. nóvember s.l., þar sem þér sendið oss til umsagnar frv. til laga um breyting á lögum nr. 75/1966, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Á fundi stjórnar L. Í. Ú. í gær var sérstaklega rætt um það efni frv., er fjallar um stjórn Fiskveiðasjóðs, en ekki tekin afstaða til annarra atriða.

Stjórn L. Í. Ú. leyfir sér að leggja til, að stjórn Fiskveiðasjóðs verði skipuð sem hér segir:

Landssamband ísl. útvegsmanna tilnefni tvo menn.

Seðlabanki Íslands tilnefni einn mann.

Útvegsbanki Íslands tilnefni einn mann.

Landsbanki Íslands tilnefni einn mann.

Stjórnin kjósi sér formann. Varamenn skulu tilnefndir á sama hátt.

Hafa ber í huga, að stjórn Fiskveiðasjóðs er jafnframt stjórn Stofnfjárjóðs fiskiskipa, en í hann er greitt af aflaverðmæti fiskiskipa og því fé ráðstafað til greiðslu afborgana og vaxta á stofnlánum fiskiskipa. Með tilliti til þessa starfs stjórnar Fiskveiðasjóðs ætti öllum að vera ljóst, hve nauðsynlegt það er, að útvegsmenn eigi aðild að stjórn sjóðsins.

Stjórn L. Í. Ú. hvarmar, að stjórn Fiskveiðasjóðs hefur tekið ákvarðanir um mikilvæg málefni sjóðsins, sem síðar hafa valdið mikilli óánægju meðal útvegsmanna, án nokkurs samráðs við hana.

Hinn 7. júlí 1969 ákvað stjórn Fiskveiðasjóðs að setja þau skilyrði fyrir lánveitingum til smíði skipa, þeirra sem stærri eru en 75 rúmlestir, að skipseigendur fái aflvélar í skipin og þau tæki, sem kosta yfir 200 þús. krónur, með 5 ára gjaldfresti. Skilyrði þetta mun einnig gilda um kaup aflvéla í skip, sem stærri eru en 75 rúmlestir, þegar um endurnýjun er að ræða.

Með þessari ákvörðun vísar sjóðurinn lántakendum á fjölmarga innflytjendur, sem verða að útvega lán fyrir hverju einstöku tæki í skipin hjá seljendum þeirra. Lánskjör þau, sem í boði eru hjá seljendum tækjanna, eru mun óhagkvæmari en lánskjör Fiskveiðasjóðs, og er útvegsmönnum ætlað að greiða mun hærri vexti af þessum lánum en áður hafa þekkzt af lánum sjóðsins auk þess að bera fulla gengisáhættu af þessum lánum.

Ákvarðanir um fyrrgreindar grundvallarbreytingar á starfsemi sjóðsins voru teknar án nokkurs samráðs við samtök útvegsmanna og þeim ekki tilkynnt um breytinguna.

Hinn 18. apríl 1967 ákvað stjórn Fiskveiðasjóðs að fella niður gengistryggingarákvæði nýrra lána sjóðsins, er veitt hefðu verið frá 1. janúar 1967. Hinn 29. maí 1968 var samþykkt að taka gengistryggingu upp að nýju á þau lán, sem veitt yrðu eftir þann dag. Þessi ákvörðun hefur valdið mikilli mismunun milli einstakra lántakenda, og eiga útvegsmenn mjög erfitt með að sætta sig við slíka ákvörðun.

Samtökum útvegsmanna var aldrei skýrt frá þessari ákvörðun stjórnar Fiskveiðasjóðs að fella niður gengistryggingu á lánum sjóðsins eða að hún hefði verið tekin upp að nýju.

Vér leyfum oss að minna á, að hliðstæðum sjóði iðnaðarins, Iðnlánasjóði, er

stjórnað að meiri hluta af iðnrekendum, á sama tíma og útvegsmenn eiga enga aðild
að stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands.

Virðingarfyllt,
f. h. Landssambands isl. útvegsmanna,
Kristján Ragnarsson.

Til sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis,
Alþingi, Reykjavík.